

Gjöf sólarinnar

(ævintýri frá Suður-Afríku eftir Dianne Steward)

Markmið:	Að nemendur átti sig á hversu mikilvæg sólin er fyrir allt líf á jörðinni og hvernig hún gefur án þess að vilja fá neitt í staðin.
Aldur:	Yngsta stig (6 og 7 ára)
Áherslur í námsskrá:	Íslenska, talað mál og hlustun, ritun og myndmennt.
Kennsluaðferðir:	Kennari í hlutverki, látbragð, umræður, kyrrmyndir, spuni, hljóðmynd, frásögn, hugsa/ræða/deila, hugrenningur.
Leikmunir:	Blöð til að teikna Dóru og Thualani og sólblóm (neoncolor litir) Hugsunarblöðrur/blöð.

Sagan í hnotskurn

Thualani er latur. Honum fannst ekkert gaman að mjólka kúna, þannig að hann seldi hana og fékk geit í staðinn. Svo skipti hann geitinni út og fékk sér kind, síðan skipti hann kindinni út fyrir þrjár gæsir, gæsunum . . . þar til hann átti bara til sólblómafræ sem hænsin átu og hænurnar urðu svo glaðar að þær verptu fleiri eggjum sem Thulani gat selt og hann varð ríkur.

Kveikja:

Kennari sýnir nemendum bókarkápuna og spyr hvernig getur sólin gefið okkur gjafir? Hvað er það sem hún gefur okkur?

Hugsa/ræða/deila:

Fáið nemendur til að hugsa um spurninguna, para sig síðan saman og ræða málin

(1 mínúta). Biðjið þau um að deila með öðrum í bekknum hvaða niðurstöðum



þau komust að (Skrifa það á töflu). Vonandi koma þau með það að sólin gefur okkur birtu, líf o.s.frv.

Spuni:

Í hlutverki Thulani. Mikið er ég hamingjusamur (sjá mynd.....) Sólblómin framleiða svo mikið af kornum fyrir hænurnar að éta, sem eru svo duglegar að verpa eggjum, sjáið hér eru nokkur að klekjast út, fleiri hænur.

Frásögn:

Lesið bókina að manstu ekki þegar geitin át..... bls 12

H/R/D:

Fáið nemendur til að hugsa um og ræða ástæðuna fyrir því að Thulani og kona hans verða fátæk.

Spuni:

Sem Dóra og Thulani. Búið til senu þar sem Dóra er að reyna að fá Thulani til að gera eitthvað t.d. mjólka kúnna.

Frásögn:

Lesið niður að: "Það eina sem hann vildi gera var að reyna að gleðja Dóru."

Spuni:

Skiptið bekknum í tvennt. Annar hópurinn er hamingjusamur og glaður og hinn er latur og óhamingjusamur.

Frásögn:

Sagan lesin til enda.

Teiknað:

Teiknið saman stóra mynd af Dóru, Thulani og sólblómi.

Skrifað:

Biðjið nemendur um að skrifa inn í hugsunarský fyrir báðar persónur.

Sagan endurleikin:

Skiptið bekknum upp í 6 hópa. Biðjið hópana um að búa til nokkrar kyrrmyndir



af sögunni og takið myndir af hverjum hópi fyrir sig.

Endursögn

Takið mynd af kyrrmyndunum og fáid nemendur til að ræða um

Myndlist:

Biðjið nemendur að mála myndir af Dóru, Thulani, húsinu þeirra og dýrum

Annað:

Leyfið nemendum að endursegja söguna eftir myndunum sem þau hafa teiknað og hanga núna uppi.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008